

greindrar lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. En með tilliti til hins unga aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður gerzt sekur um nokkurt lagabrot, þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna, þannig að henni sé frestað og hún falli niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér fyrir réttinum, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, er ákveðast kr. 80.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðrik Guðmann Sigurðsson, sæti 30 daga varðhaldi.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef haldin eru skilorð 6. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, kr. 80.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1945.

Nr. 138/1944. Réttvísing og valdstjórnin

(Guttormur Erlendsson)

gegn

Gísli Helgasyni. (Theodór B. Lindal).

Likamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til sakarlýsingar í héraðsdómi þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkvæmt þar greindum refsíákvæðum varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Það athugast, að ákærði hefur ekki verið saksóttur fyrir brot, er 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 taka til, og þar sem honum hefur ekki veitt efni til að koma fram vörn að því leyti, verður brot hans ekki heimfært undir nefnd ákvæði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Helgason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Theodórs B. Lindals, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 9. júní 1944.

Ár 1944 föstudaginn 9. júní var í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 3. júní s. l.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Gísla Helgasyni, sjómanni, til heimilis í Fjarðarstræti 14, Ísafirði, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áfengislögum nr. 33/1935 og lögreglusamþykkt Ísafjarðarkaupstaðar.

Ákærður er fæddur 12. febrúar 1898 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu áður, svo vitað sé.

Málavextir eru sem hér segir:

Miðvikudaginn 22. marz s. l. mætti ákærður, Gísli Helgason, Gunnari Bjarnasyni, innheimtumanni Rafveitu Ísafjarðar, á Silfur götu hér í bænum. Gaf ákærði sig á tal við Gunnar, og barst tal þeirra að rafmagnseyðslu Daða Kristjánssonar í Fjarðarstræti 14. Hafði ákærður orð á því, að slæmt væri að fá ekki rafmagnsreikninga svo fljótt sem hægt væri, þar sem verð á rafmagni væri svo hátt og því nauðsynlegt að geta fylgzt með eyðslunni. Er þeir komu móts við smiðaverkstæði Jóns Ísaks Magnússonar, kveðst Gunnar hafa sagt við Gísla, að ástæðulaust væri að tala við sig um þetta, og sýnt á sér fararsnið. En þá hafi Gísli tekið í aðra öxl

sér. Gunnar kveðst þá hafa lagt höndina á öxl Gísla um leið og hann sagði, að hann vildi ekkert við hann tala. Hafi hann í sömu andrúnni ekki fyrr vitað til en Gíslu greiddi honum allmikið högg á hægri kinn. Við höggið hafi kinnin marizt nokkuð, og úr munni hans hafi brotnað tvær tennur. Er hann hafi ætlað að búast til varnar, hafi Gíslu reitt til höggs áfengisflösku, er hann var með, og hafi sér virzt, að hann ætlaði að slá sig í höfuðið með henni. Þá kveðst hann hafa forðað sér í burtu.

Hins vegar heldur Gíslu því fram, að Gunnar hafi barið sig að fyrra bragði með krepptum hnefa á hægri öxlina. Kveðst hann þá hafa tekið í hálsmálið á jakka Gunnars og varpað honum niður í götuna. Telur hann sig hafa átt hendur sínar að verja.

Ákærður, Gíslu Helgason, hefur viðurkennt, að hann hafi, er Gunnar reis á fætur, reitt til höggs óátekna áfengisflösku, sem hann var með, og hafi hann gert það í þeim tilgangi að hræða Gunnar, svo að hann réðist ekki á sig aftur. Segir hann þá Gunnar hafa lagt á flótta niður Silfurgötu, og hafi hann fylgt á eftir með flöskuna í hendinni, en mótmælir því, að hann hafi þá haft flöskuna reidda til höggs.

Við vitnaleiðslu í málinu hefur þetta upplýstst:

Vitnið Ágúst Eliásson hefur skýrt frá því, að miðvikudaginn 22. marz s. l. kl. ca. 4½ e. h. hafi hann verið staddur í Silfurgötu og þá séð þá Gíslu Helgason og Gunnar Bjarnason í háværum samræðum hjá húsi Jóns Í. Magnússonar. Rétt í því er vitnið veitti þeim Gíslu og Gunnari athygli, kveðst hann hafa séð Gíslu greiða Gunnari hnefahögg í andlitið. Nálega samstundis hafi Gíslu reitt til höggs flösku, sem hann var með, eins og til þess að slá Gunnar með henni, og sagt um leið: „Hún fylgir nú eftir þessi.“ Tók Gunnar þá á rás niður Silfurgötu og Gíslu á eftir með reidda flöskuna, og elti hann Gunnar að verzluninni Bræðraborg í Aðalstræti. Þenna framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Sigurður Guðm. Líkafrónsson hefur borið það, að hann hafi séð þá Gunnar og Gíslu á gangi saman í Silfurgötu, og hafi þeir virzt vera í áköfum samræðum. Fyrir framan hús Jóns Í. Magnússonar hafi hann séð Gíslu berja Gunnar að fyrra bragði. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa séð Gunnar blaka neitt við Gíslu. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða reiða brennivinsflösku til höggs, er hann hafi verið með. Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Þá hefur vitnið Jóhannes Jónsson borið það, að hann hafi séð Gíslu greiða Gunnari hnefahögg í andlitið og að Gíslu hafi svo reitt til höggs flösku, er hann var með, og að Gunnar hafi þá lagt á flótta.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð Gunnar berja ákærðan. Þá telur vitnið, að ákærður hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Jón Á. Jóhannsson yfirlögregluþjónn hefur og borið það fyrir rétti, að miðvikudaginn 22. marz s. l. hafi Gunnar Bjarnason komið inn á lögreglustöðina og tilkynnt, að Gisli Helgason hafi barið sig nokkru áður. Gunnar hafi þá verið með bóligna hægri kinnina og brotnar tvær tennur, er virtust vera nýlega brotnar.

Með framangreindum vitnaframburðum verður að telja nægilega sannað, að ákærður hafi þann 22. marz s. l. greitt Gunnari Bjarnasyni hnefahögg á andlitið með þeim afleiðingum, að hægri kinn hans hafi bólignað og brotnað úr honum tvær tennur.

Með þessu atferli sínu hefur ákærður gerzt brotlegur gegn 217. grein alm. hegningarlaga og gegn 1. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðarkaupstaðar. Hins vegar verður ekki talið nægilega sannað gegn eindregnum mótmælum ákærðs, að hann hafi verið áberandi ölvaður í umrætt skipti, og verður því að sýkna hann af ákæru valdstjórnarinnar um brot gegn áfengislögum nr. 33/1935.

Undir rannsókn málsins hefur Gunnar Bjarnason gert þær réttarkröfur, að ákærður verði dæmdur til að greiða honum kostnað þann, er leiðir af viðgerð hinna brotnu tanna, svo og 300 krónur í miskabætur. Ekkert læknisvottorð liggur fyrir frá þeim degi, er árásin átti sér stað. En í réttarhaldi 21. apríl s. l. lagði Gunnar Bjarnason fram vottorð frá Baarregaard tannlækni, þar sem kostnaður við tannviðgerðina er áætlaður 250 krónur.

Þar sem ekki verður talið, að sú upphæð sé óeðlilega há, verður að taka þessa kröfu Gunnars Bjarnasonar til greina.

Enn fremur ber ákærða að greiða Gunnari Bjarnasyni 10 krónur fyrir vottorð tannlæknisins. Þar sem telja verður, að áverki sá, er Gunnar hlaut af hnefahöggi því, er ákærði veitti honum, hafi valdið honum allverulegum sársauka og óþægindum, ber einnig að taka kröfu Gunnars Bjarnasonar um miskabætur til greina, og þar sem kröfuupphæðin virðist ekki óeðlilega há, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Refsing sú, er ákærði hefur unnið til, þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs fyrir brot gegn 217. grein hinna alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 50 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir brot gegn 1. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðar. Þá ber og að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, 100 krónur, til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupm.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gisli Helgason, greiði 300 króna sekt til rikissjóðs., Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi í 15 daga. Hann greiði einnig 50

króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar innan sama tíma, en afplánist ella með 3 daga varðhaldi. Þá greiði ákærði til Gunnars Bjarnasonar 235 krónur í læknishjálpi og kostnað og 300 krónur í miskabætur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talið málsvarnarlaun, 100 krónur, til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupm.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1945.

Nr. 39/1944. **Eliás Hannesson** (Theódór B. Línal)

gegn

Jóni V. Jónssyni og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl f. á., hefur *aðallega* krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. En til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að tjoninu verði skipt til helminga milli aðilja og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 11. maí f. á., hefur krafizt þess, að gagnáfrýjandi verði dæmt að greiða honum kr. 10797.48 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1943 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Eins og segir í héraðsdóminum, sýndi ökumaður á bifreið R 1633 mikla óvarkárni, er hann ók fram hjá bifreið G 397. Hins vegar þykir ekki vera fram komin sönnun fyrir því, að ökumaður á bifreið G 397 hafi orðið meðvaldur að slysinu með þeim hætti, að firrt geti gagnáfrýjandi að